

127. fundur

Skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms haldinn þriðjudaginn 18. nóvember 2008 kl. 18 á kaffistofu skólans.

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra
2. Fjárhagsáætlun
3. Önnur mál

Mætt voru: Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður, Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri, Daði Jóhannesson og Sigurborg Sturludóttir.

1. Hausttónfundir og tónleikar lúðrasveitarinnar eru afstaðnir og litla lúðrasveitin hélt tónleika í leiksólanum og gekk allt vel.

Lúðrasveitin er í fjáröflun þennan veturinn vegna fyrirhugaðrar ferðar á lúðrasveitamót í Gautaborg næsta sumar. Sveitin lék við góðar undirtektir á 70 ára afmæli UMF Snæfells sunnudaginn 16. nóvember.

Kennarar tónlistarskólans ásamt slökkviliðsstjóra fóru yfir brunavarnir skólans. Nokkrar athugasemdir voru gerðar og er verið að vinna að lausn þeirra.

Framundan er skipulag desembermánaðar. Jólatónfundir verða í 2. viku í desember og síðasta vikan fer í jólaheimsóknir og undirbúning fyrir jólatónleikana sem verða 18. desember.

Fyrirspurn hefur komið frá skólalúðrasveit frá Lappenranta sem hyggur á Íslandsferð næsta vor og langar að heimsækja Stykkishólm.

2. Drög að fjárhagsáætlun gera ráð fyrir sömu stöðugildum áfram næsta ár. Aðhald verður í vörukaupum og þjónustukaupum og gert er ráð fyrir hækkun launa vegna lausra samninga næsta skólaár. Annars verða ekki miklar breytingar milli ára.
3. Önnur mál voru engin.

Fundi slitið kl. 18.50.

Sigurborg Sturludóttir (sign.),

Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.),

Daði Jóhannesson (sign.),

Jóhanna Guðmundsdóttir (sign.).